



# Landsmót SÍSL í Reykjanesbæ

A og B sveitir  
24. – 26. apríl 2020

## Kæru foreldrar.

Helgina 24. - 26. apríl stendur SÍSL (Samtök íslenskra skólalúðrasveita) fyrir landsmóti A og B skólahljómsveita. Það mót er ætlað nemendum á grunnstigi í sínu hjóðfæranámi. Hér eru nokkur atriði varðandi mótið sem gott er fyrir ykkur að vita um. Þetta eru almennar upplýsingar fyrir landsmót okkar, en nákvæmar upplýsingar um mótið í Reykjanesbæ verða sendar síðar þegar þær liggja fyrir.

**Landsmót skólalúðrasveita** eru þriggja daga mót, hefjast á föstudagskvöldi og lýkur upp úr hádegi á sunnudegi.

**Dagskrá** mótsins er í höndum mótshaldara hverju sinni í samvinnu við SÍSL. Yfirleitt er þátttakendum skipt í fjórar til fimm stórar (allt að 100 manna) lúðrasveitir sem hver um sig æfir tvö til þrjú lög til að spila á lokatónleikunum. Skipt er í sveitirnar út frá aldri og kunnáttu, svo allir fái að spila með sínum jafningjum. Á milli æfinga er boðið upp á sundferðir og skoðunarferðir eða einhverskonar afþreyingu. Á laugardagskvöldinu er dansleikur og skemmtun. Nákvæm dagskrá er gefin út fyrir hvert mót.

**Gisting** er í skólastofum og þurfa því allir að hafa með sér dýnu eða vindsæng til að sofa á og svefnpoka eða sæng til að sofa undir. Einnig er gott að vera með lak til að breiða yfir dýnuna. Þetta árið verður gíst í Heiðarskóla og Holtaskóla í Reykjanesbæ.

**Lokatónleikar** mótsins eru oftast um hádegisbil á sunnudeginum og eru allir velkomnir á þá tónleika.

**Kostnaður.** Kostnaður við þessi mót er alltaf talsverður. Undanfarið hefur mótsgjaldið verið 15.000 krónur og við það bætist síðan kostnaður við ferðir á mótið.

**Matur:** Innifalið í mótsgjaldi eru allar máltíðir á meðan á mótinu stendur, ásamt kaffitímum og kvöldhressingu. Mikilvægt er að foreldrar komi áleiðis upplýsingum um fæðuofnæmi og óþol til stjórnenda hljómsveitar barna sinna, sem svo kemur þeim upplýsingum á réttan stað. Það á enginn að þurfa að vera svangur á mótunum og ekki er þörf á að hafa með sér nesti.

**Sælgæti:** Við miðum við að þátttakendur séu almennt ekki að maula sælgæti á meðan á mótin stendur, en höfum nammitíma eftir kvöldmat á laugardeginum.

**Fatnaður:** Hafið ávallt með ykkur góð útiföt, því oft þarf að ganga einhvern spöl á milli staða. Skoðið veðurspána og klæðið ykkur í samræmi við hana. Hafið einnig meðferðis sundföt því það er yfirleitt gert ráð fyrir sundferð í dagskránni.

Á æfingunum þarf bara venjulegan (inni-) klæðnað og gott að hafa inniskó með sér. Á lokatónleikunum eru krakkarnir í stuttermabolum sem þau fá afhenta á mótinu. Bolirnir eru í sömu litum og heiti hljómsveitanna, þ.e. gulir bolir fyrir gula sveit og svo framvegis.

**GSM símar.** Farsímar og önnur tæki sem börnin koma með sér á mótið eru algjörlega á þeirra eigin ábyrgð. Ekki er mælt til þess að þau hafi slík tæki með sér en það er heldur ekki bannað. Það verður þó að vera slökkt á farsímum á öllum æfingum og tónleikum.

**Fararstjórn:** Gert er ráð fyrir að með hverri hljómsveit séu fararstjórar úr hópi foreldra og/eða kennara. Auk þess sjá mótshaldarar um almenna gæslu á gístistöðum og í æfingahúsnæði. Miðað er við að það sé einn fararstjór fyrir hverja 7-10 krakka hið minnsta. Greiða þarf þáttökugjald fyrir fararstjóra og hljómsveitarstjóra á mótið.